# Bætur vegna veikinda og slysa

08 211

## Ársreikningur 2019

## Efnisyfirlit

Bls.


| | |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra | 2 |
| Yfirlit um afkomu ársins | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 5 |
| Skýringar | 6 |


**Bætur vegna veikinda og slysa**

**Fjárlagaliðurinn er í umsjón Sjúkratrygginga Íslands**

**Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun stjórnar og forstrjóra

Bætur vegna veikinda og slysa tekur til sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um sjúkratryggingar, slysatrygginga samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga og bætur samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu. Áður tilheyrðu þessi verkefni þremur fjárlagaliðum að hluta eða öllu leyti, þ.e. Sjúkratryggingum, Slysatryggingum og Sjúklingatryggingu. Eignir, skuldir og skuldbindingar voru færðar til hins nýja fjárlagaliðar að hluta eða öllu leyti. Sjúkratryggingar Íslands hafa umsjón með fjárlagaliðnum.

Starfsemi fjárlagaliðarins fellur undir málefnasvið 29 og málaflokk 60 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 1.947,4 milljónir og afkoma kr. 105,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 105,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 278,9 milljónir.

Það er álit okkar að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Bóta vegna veikinda og slysa í samræmi við lög um opinber fjármál.

Stjórn og forstjóri staðfesta hér með ársreikning fyrir fjárlagaliðinn Bætur vegna veikinda og slysa fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík 27. ágúst 2020

Staður, dags

# Yfirlit um afkomu ársins 2019

| | Skýr | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 1.891.400.000 | 1.891.300.000 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 3 | 55.963.255 | 94.248.138 |
| **Tekjur samtals** | | 1.947.363.255 | 1.985.548.138 |
| **Gjöld** | | | |
| Framlög og tilfærslur | 4 | 1.794.652.577 | 1.682.171.308 |
| Annar rekstrarkostnaður | 5 | 47.614.896 | 46.523.813 |
| **Gjöld samtals** | | 1.842.267.473 | 1.728.695.121 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | 105.095.782 | 256.853.017 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | | 59.970 | 8.804 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (22.907) | (63.383) |
| | | 37.063 | (54.579) |
| **Afkoma ársins** | | 105.132.845 | 256.798.438 |
| **Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum** | 2 | | |
| Rekstur | | 8.785.422 | 48.669.746 |
| Rekstrartilfærslur | | 96.347.423 | 208.128.692 |
| | | 105.132.845 | 256.798.438 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| | Skýr | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Tengdir aðilar | 6 | 261.234.340 | 350.527.841 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | 7 | 17.662.054 | 24.082.374 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 278.896.394 | 374.610.215 |
| **Eignir samtals** | | 278.896.394 | 374.610.215 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 8 | | |
| Hrein eign | | 105.132.845 | 256.798.438 |
| **Eigið fé samtals** | | 105.132.845 | 256.798.438 |
| **Skuldir** | | | |
| Lánastofnanir | | 60.000 | 1.399.426 |
| Tengdir aðilar | 6 | 39.968.729 | 0 |
| Viðskiptaskuldir | | 88.879.274 | 67.913.958 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 9 | 44.855.546 | 48.498.393 |
| **Skuldir samtals** | | 173.763.549 | 117.811.777 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 278.896.394 | 374.610.215 |
| **Aðrar upplýsingar** | 10 | | |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

| | Skýr | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | 105.132.845 | 256.798.438 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur og gengismunur | | 0 | 63.383 |
| | | 105.132.845 | 256.861.821 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | | 6.420.320 | (10.374.555) |
| Tengdir aðilar | | 129.262.230 | (185.493.922) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 15.983.043 | (61.227.717) |
| | | 151.665.593 | (257.096.194) |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | | 256.798.438 | (234.373) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins | | (256.798.438) | 0 |
| Ný langtímalán | | 0 | 234.373 |
| | | (256.798.438) | 234.373 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 0 | 0 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 0 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | | 0 | 0 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

# Skýringar

## 2 Tekjufærsla fjárveitinga

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 1.891.400.000 | 1.891.300.000 |
| | 1.891.400.000 | 1.891.300.000 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 400.000 | 1.891.000.000 | 0 | 1.891.400.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **400.000** | **1.891.000.000** | **0** | **1.891.400.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum | 8.385.422 | (1.794.652.577) | 0 | (1.786.267.155) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **8.785.422** | **96.347.423** | **0** | **105.132.845** |

## 3 Framlög og ýmsar tekjur

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Ýmsar tekjur | 55.963.255 | 94.248.138 |
| | 55.963.255 | 94.248.138 |

## 4 Framlög og tilfærslur

| | | |
|---|---|---|
| Rekstrartilfærslur aðrir | 1.794.652.577 | 1.682.171.308 |
| | 1.794.652.577 | 1.682.171.308 |

## 5 Annar rekstrarkostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Sérfræðiþjónusta | 39.972.958 | 45.937.173 |
| Tapaðar kröfur | 7.641.938 | 586.640 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 47.614.896 | 46.523.813 |

## 6 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 259.970.728 | 349.895.189 |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs | 1.263.612 | 632.652 |
| | 261.234.340 | 350.527.841 |
| *Skuldir við tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 39.968.729 | 0 |
| | 39.968.729 | 0 |

## 7 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar kröfur | 25.527.530 | 24.781.052 |
| - Niðurfærsla vegna tapsáhættu | (7.865.476) | (698.678) |
| | 17.662.054 | 24.082.374 |

# Skýringar

**8 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | 256.798.438 | 172.931.498 |
| Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins | (256.798.438) | (172.931.498) |
| Afkoma ársins | 105.132.845 | 256.798.438 |
| Jöfnuður 31.12. | 105.132.845 | 256.798.438 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

| **9 Ýmsar skammtímaskuldir** | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Önnur ógreidd gjöld | 44.855.546 | 48.498.393 |
| | 44.855.546 | 48.498.393 |

**10 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*
Fjárlagaliðurinn hefur ekki gert skuldbindandi samninga í árslok 2019.

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum fjárlagaliðarins í árslok 2019.

*Veittar ábyrgðir*
Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óefnislegar eignir*
Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir fjárlagaliðarins felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

*Óafturkallanleg loforð*
Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.